



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2016.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum (skilyrði fjárhagsaðstoðar), 145. löggjafarþing 2015 -2016. Þingskjal nr. 732 – 458. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Í frumvarpinu er lagt til að skilyrðum fjárhagsaðstoðar verði breytt á þann veg að ráðherra gefi árlega út leiðbeiningar um framkvæmd fjárhagsaðstoðar auk viðmiðunarfjárhæða. Þar að auki að skilyrt verði að umsækjandi fjárhagsaðstoðar sé í virkri atvinnuleit.

Við 1. gr. frumvarpsins hefur skrifstofan engar athugasemdir, þ.e. að ráðherra gefi út leiðbeiningar um framkvæmd aðstoðarinnar sem og viðmiðunarfjárhæðir.

Skrifstofan gerir hins vegar eftirfarandi athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpi með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga segir að aðalmarkmið allrar félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga sé að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa á grundvelli samhjálp. Viðurkennt sé að samfélagið hafi skyldur við einstaklinginn og þurfi að grípa til ráðstafana til að tryggja afkomu hans þannig að grundvallarþörfum í efnahagslegu og félagslegu tilliti sé fullnægt. Þá segir í skýrslu Alþýðusambands Íslands um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga að:

Fjárhagsaðstoð skal ávallt veitt til þess að bæta úr vanda og koma í veg fyrir að einstaklingur og/eða fjölskyldur komist í þá aðstöðu að geta ekki ráðið fram úr sínum fjárhagsmálum sjálf. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er ætluð einstaklingum og fjölskyldum í tímabundnum erfiðleikum og er hugsuð sem aðstoð til að mæta grunnþörfum þeirra.¹

Þetta er því tímabundið úrræði sem á ekki að vera íþyngjandi fyrir þann sem það er veitt. Með skilyrði um virka atvinnuleit er jafnvel gengið svo langt að ákvæðið brjóti í bága við 76. gr. Stjórnarskrárinnar sem segir að öllum, sem þess þurfi, skuli tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku, elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.

¹ Fengið af vefsíðu ASÍ: http://www.asi.is/media/6381/Fjarhagsa_stod_sveitarfelaganna_final.pdf.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Það er því fleira en atvinnuleysi sem getur orsakað það að einstaklingur þurfi tímabundna fjárhagsaðstoð og á því, að mati skrifstofunnar, að fella skilyrðið um virka atvinnuleit úr texta frumvarpsins.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri